

## Fundargerð 490

Föstudaginn 18. september 2020 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Sauðármýri 2, Sauðárkróki. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson formaður (MBJ), Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra K. Hauksdóttir (HKH), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarasdóttir (MaH) (í fjarfundi) og Sigríður Jóhannesdóttir (SJ). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson (AÞ) forstjóri (í fjarfundi), Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrunn Pétursdóttir (HP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárlið 3), Reinhard Reynisson (RR) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 8), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Lánamál - til afgreiðslu
3. Endurskoðun áhættustefnu Byggðastofnunar - til afgreiðslu
4. Breyting á lánaflökki - til afgreiðslu
5. Sala á Akurey 2 og 3 í Rangárþingi Eystra - til kynningar
6. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
7. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar
8. Endurskoðun byggðaáætlunar - kynning
9. Vígsla nýbyggingar - til umræðu
10. Önnur mál
11. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

### 1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 489.

Formaður bar upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

### 2. Lánamál - til afgreiðslu

...

...

### 3. Endurskoðun áhættustefnu Byggðastofnunar - til afgreiðslu

HP kom á fundinn undir þessum lið.

Fyrir fundinum liggja drög að 6. útgáfu Áhættustefnu og áhættureglna Byggðastofnunar auk minnisblaðs HP um breytingu á áhættustefnu.

Skv. 5. gr. reglna um störf stjórnar Byggðastofnunar skal stjórn samþykkja áhættustefnu, áhættuvilja og framkvæmd áhættustýringar og tryggja að innri ferlar vegna áhættustýringar séu yfirfarnir eigi sjaldnar en árlega. Þær breytingar sem nú er lagðar fyrir er helst uppfærsla á kafla 5.1 um útlánaáhættu. Útlánaflokkar eru uppfærðir í samræmi við samþykki stjórnar frá 26. júní sl. auk þess sem umfjöllun um samstarfssamning Byggðastofnunar og Evrópska fjárfestingabankans (EIF) er sett inn. Um aðrar breytingar er vísað í drög að Áhættustefnu.

Samkvæmt starfsáætlun stjórnar er gert ráð fyrir að breytingar á Áhættustefnu verði lagðar fram til kynningar nú en samþykktar á fundi stjórnar í október. Þar sem ekki er um að ræða áherslubreytingar þá er lagt til Áhættustefnan sé samþykkt nú.

Til máls tóku HP, HÁ, MBJ, HÓ, KB, SJ, AÐ, MH

Formaður bar upp 6. útgáfu Áhættustefnu og áhættureglum Byggðastofnunar og var hún samþykkt samhljóða.

HP vék af fundi.

#### 4. Breyting á lánaflökki - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanns fyrirtækjasviðs um breytingar á lánaflöknum „Lán til fiskvinnslu/útgerða í Brothættum byggðum“ samhliða aðild að ábyrgðakerfi EIF sem AÐ kynnti.

Lagt er til að til að lánshæf svæði verði:

- a. Sjávarbyggðir með samning um Aflamark Byggðastofnunar eða
- b. Sjávarbyggðir sem eru eða hafa verið í verkefninu Brothættar byggðir eða
- c. Sjávarbyggðir sem eru EKKI hluti af vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða með fleiri en 1.000 íbúa
- d. Grunnforsenda lánveitinga verði sú að viðkomandi sjávarbyggð sé sannarlega í viðkvæmri stöðu að mati stofnunarinnar

Auk ofangreinds er lagt til að veðsetningar verði jafnframt heimilaðar í fiskvinnsluhúsum og vélum og tækjum en ekki eingöngu fiskiskipum með kvóta eins og lagt var upp með í upphafi.

Þá er lagt til að lánaflökkurinn beri heitið „Lán til fiskvinnslu/útgerða í viðkvæmum sjávarbyggðum“ og verði þar með ekki eingöngu tengdur Brothættum byggðum.

Skilmálar lánaflökksins verði:

- Allt að 75% veðsetning í skipum með kvóta
  - REIBOR + 2,5% álag
  - 4,8% vextir verðtryggt
  - 3,5% álag á LIBOR eða EURIBOR vexti
- Allt að 80% veðsetning í fiskvinnsluhúsum og/eða allt að 75% veðsetning í vélum og tækjum
  - REIBOR + 3% álag
  - 5,7% vextir verðtryggt
  - 4,5% álag á LIBOR eða EURIBOR vexti

Til máls tóku MBJ, GÐ og AME.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

#### 5. Sala á Akurey 2 og 3 í Rangárþingi Eystra - til kynningar

HÓ vék af fundi vegna tengsla við umfjöllunarefnið.

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns lögfræðisviðs sem HÁ kynnti.

Byggðastofnun eignaðist jarðirnar Akurey 2 og 3 auk greiðslumarks á nauðungarsölu í sumar og fékk afsal útgefið 11. ágúst sl.

Jarðirnar hafa verið auglýstar til sölu með greiðslumarki en ásættanleg tilboð hafa ekki borist. Þar sem engin framleiðsla hefur verið á jörðunum frá því í fyrra mun greiðslumark jarðarinnar falla niður að óbreyttu um áramót. Er því lagt upp með að skrá greiðslumark

jarðanna á tilboðsmarkað sem haldinn verður 1. nóvember nk. og jarðirnar verði auglýstar áfram til sölu án greiðslumarks. Gert er ráð fyrir að tæpar 145 m.kr. fáið fyrir greiðslumarkið.

Til máls tóku KB, GP, SJ, AME, og MBJ.

Formaður bar upp hvort stjórnarmenn væru sáttir við þessa framkvæmd og komu ekki fram athugasemdir við hana.

HÓ kom aftur á fundinn.

## 6. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 32/20-34/20

Til máls tóku GP og AME.

## 7. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu verkefna og rekstrar 31. ágúst sem AP fór yfir.

AP, fjallaði um aflamark og almenna byggðakvótann

Til máls tóku KB, MBJ, SJ, GP, HÓ,

Rætt var um umsagnir Byggðastofnunar til Alþingis um lagafrumvörp og óskaði KB eftir því að stjórn fengi reglubundnar upplýsingar um þær.

Fyrir fundinum liggur einnig minnisblað frá forstjóra og forstöðumönnum fyrirtækja- og rekstrarsviðs sem sent var samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um aukningu á eigin fé stofnunarinnar. Ákveðið var að ræða málið sérstaklega á næsta fundi.

## 8. Endurskoðun Byggðaáætlunar - kynning

Á fundinn kom RR og kynnti vinnu við endurskoðun Byggðaáætlunar.

Til máls tóku SEÞ, MBJ, KB, GP, SJ, MaH og AP.

RR vék af fundi

## 9. Vígsla nýbyggingar - til umræðu

AP velti upp tillögu um vígslu á hinu nýja húsnaði Byggðastofnunar fyrirhluta október. Dagsetningu þyrfti að samræma dagskrá ráðherra. Síðar yrði svo haft opið hús fyrir almenning. Hafa verður í huga þróun Covid-19 áður en ákvörðun er tekin.

Til máls tók MBJ og HÓ.

Stjórn felur forstjóra að koma með tillögu að tímasetningu og skipulagningu. Rætt var um að láta gera kynningarmyndband um húsnaðið og starfsemi stofnunarinnar.

## 10. Önnur mál

### Nýsköpun

Rætt var um framtíðarfyrirkomulag stoðkerfis nýsköpunar í ljósi nýrrar stefnu stjórnarvalda og eftirfarandi bókun samþykkt:

*„Á vegum nýsköpunarráðherra stendur nú yfir vinna við endurmótun umhverfis nýsköpunar á Íslandi á grundvelli nýsköpunarstefnu sem kynnt var í október 2019. Í þeirri vinnu felst m.a. að Nýsköpunarmiðstöð Íslands verður lögð niður og verkefnum hennar komið fyrir annars staðar. Í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir Ísland fyrir árin 2018-2024 er lýst þeirri framtíðarsýn að Ísland verði í fararbroddi með nútímainnviði, framsækna*

*þjónustu, verðmætasköpun, jöfn lífsgæði og öflug sveitarfélög sem geti annast staðbundin verkefni og veitt íbúum hagkvæma og góða þjónustu með markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi og að nýjasta tækni tengi byggðir og Ísland við umheiminn í jafnvægi við umhverfið.*

*Stjórn Byggðastofnunar tekur undir með ráðherra í inngangi að Nýsköpunarstefnu fyrir Ísland, að nýsköpun er bæði grundvöllur efnahagslegrar velgengni um land allt og lykillinn að úrlausn margra af stærstu viðfangsefnum komandi áratuga. Byggðastofnun hefur skv. lögum nr. 106/1999 það hlutverk að gera samninga við landshlutasamtök sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélög um atvinnuþróun og nýsköpun á starfssvæði sínu. Stjórn Byggðastofnunar hvetur ráðherra til að huga vel að því í þeirri vinnu sem framundan er, að efla og þétta stuðningsnet nýsköpunar um allt land í samstarfi með atvinnuþróunarfélögum, landshlutasamtökum sveitarfélaga, Byggðastofnun og öðrum hagaðilum.“*

Til máls tóku GP, MBJ, SJ, HÓ,

*Sjávarútvegur*

MBJ fjallaði um fyrirhugaða kvótasetningu grásleppu og frjálst framsal hennar með tilliti til líklegra áhrifa á viðkvæmar sjávarbyggðir.

Til máls tóku SJ, HÓ og AÞ.

## 11. Næsti fundur

Ákveðið að næsti fundur verði 23. október en staðsetning ekki ákveðin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:57

Magnús Helgason, fundarritari

---

---

---

---

---

---

---